



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## LEIÐRÉTTING VEGNA FRÁSAGNAR STUNDARINNAR

Embætti forseta Íslands telur nauðsynlegt að leiðrétta óskiljanlegar rangfærslur sem fram koma í frásögn Stundarinnar af sádí-arabískum leyniskjölum. Þar er sagt að forseti hafi hitt sendiherra Sádi Arabíu í boði í Reykjavík 10. janúar 2013 þar sem einnig hafi verið „nokkrir aðrir sendiherrar gagnvart Íslandi ásamt fjölda íslenskra embættismanna“. Síðan er lýst samtali sem forseti er sagður hafa átt við sendiherra Sádi Arabíu í þessu boði. Forseti Íslands tók ekki þátt í neinu slíku boði, hvorki á þessum degi né öðrum.

Forseti Íslands hefur aðeins átt viðræður við núverandi sendiherra Sádi Arabíu þegar hann afhenti trúnaðarbréf sitt 3. mars 2015 og við fyrirrennara hans þegar sá sendiherra afhenti trúnaðarbréf sitt 10. mars 2009 og eru frásagnir af þeim fundum á heimasíðu embættisins. Þá tók forseti þann 26. júní 2008 á móti sendinefnd frá ráðgjafafingi Sádi Arabíu sem hér var í boði Alþingis.

*22. júní 2015*